

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

129. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn mánudaginn 19. febrúar 2024. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 12:00.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason og f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Heimild félagsmanna FL með leyfisbréf til kennslu til að velja menntunarákvæði í þeim tilvikum sem hann hefur ekki starfað sem leikskólakennari.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að starfsmenn sem hafa leyfisbréf til kennslu en hafa ekki starfað sem leikskólakennarar fyrir 1. febrúar 2024 fái rétt til að velja hvort þeir fá viðbótarmenntun sína metna sbr. greinar 10.4.1. persónuálag vegna viðbótarmenntunar leikskólakennara eða grein 10.4.1.1 þar sem greiddir eru viðbótarlaunaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa. Starfsmaður skal skila valblaði eins og við kann að eiga ásamt viðeigandi gögnum sem sína fram á hvaða grunn- og viðbótarmenntun hefur verið lokið ásamt staðfestu námsferilsyfirliti yfir loknar ECTS einingar.

2. Viðbrögð við mistökum félagsmanna FL við val á menntunarkafli.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að í þeim tilfellum sem starfsmanni hefur orðið á þau mistök að velja menntunarákvæði sem gefur honum lakari ávinning til launa hafi hann rétt til að velja að nýju. Starfsmaðurinn ber sjálfur ábyrgð á því að tilkynna til launadeildar að hann hafi gert mistök við val og skal hann jafnframt óska formlega eftir leiðréttingu. Eftir 19. febrúar 2024 er leiðrétting af þessari ástæðu gerð frá næstu mánaðarmótum eftir að starfsmaður hefur upplýst um að mistök hafi verið gerð og valbaði þar sem gerð er grein fyrir nýju vali ásamt fullnægjandi gögnum vegna þess hefur verið skilað til launadeildar. Ekki er um afturvirkar leiðréttingar að ræða í slíkum tilvikum heldur tekur nýtt val gildi frá næstu mánaðarmótum eftir að fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram.

3. Bókun 5 um framlengingu ráðningar eftir 70 ára aldur.

Í bókun 5 með kjarasamningi aðila sem er í gildi 1. apríl 2023 – 31. maí 2024 er fjallað um heimild vinnuveitanda til að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann, sem hefur náð 70 ára aldri og látið hefur af föstu starfi samkvæmt gr. 14.9 .

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að í bókun 5 með kjarasamningi aðila sem er í gildi 1. apríl 2023 – 31. maí 2024 sé vísan í grein 14.9 röng. Þá eru aðilar sammála um að í bókuninni skuli í stað greinar 14.9 vísað til greinar 1.7 um starfslok skv. fylgiskjali 5 um réttindi og skyldur starfsmanna vegna annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar. Um heimild til endurráðningar starfsmanna Reykjavíkurborgar gildir ákvæði 11. gr. í fylgiskjali 6.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:25.